UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2007
Tilvísun: UST20071100139/hj

**Frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.**

Umhverfisstofnun hefur borist beiðnu um umsögn um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald, 4. mál, endurgreiðsla gjalds.

Í frumvarpinu er verið að leggja til breytingar þannig að endurgeiða skuli 50% olíugjalds sem flutningsaðilar skv. 1- og j-lið 3. gr,. laga nr 73/2001 um fóksflutninga og farmflutninga á landi, greiða.
Umhverfisstofnun telur að tillagan taki ekki mið af stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum og sé til þess fallin að auka útblástur frá flutningatækjum. Stofnunin minnir á starfshóp á vegum fjármálaráðherra sem falið var að móta heildarstefnu að því er varðar skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Starfshópurinn hefur kallað Umhverfisstofnun á sinn fund og bað stofnunina í framhaldi af því að vinna tillögur fyrir starfshópinn sem hafa það að markmiði m.a. að hvetja til notkunar á vistvænna ökutækja, hvetja til orkusparnaðar, hvetja til minnkunar á losun gróðurhúsaloftegunda frá samgöngum og hvetja til aukinnar notkunar innlendra orkugjafa.

Virðingarfyllst

Ellý K Guðmundsdóttir
Forstjóri

Helgi Jensson
Forstöðumaður